

Alþingi
Erindi nr. P 135/185/
komudagur 19.3.2008

Alþingi
Menntamálanefnd
Kirkjustræti
Pósthólf
150 REYKJAVÍK


Reykjanesbæ,
18. mars 2008
Tilvísun: 2008030098

Efni: Pskj 238, 220 mál, Þingsályktun um prófessorembætti á sviði byggðasafna og byggðasögu

Undirrituð fagnar hugmyndum um að efla faglega þekkingu í byggðasafnsfræðum og byggðasögu. Töluverð umræða hefur verið meðal safnamanna um þörfina á skipulögðu starfsnámi, til að efla faglega þekkingu og rannsóknir á þessu sviði. Það er löngu tímabært að taka byggðasöguna sérstaklega fyrir, mikil gróska hefur verið í byggðasögunannsóknnum en mikilvægt er að efla þær rannsóknir og taka saman þá miklu þekkingu sem býr bæði hjá byggðasöfnum landsins og meðal ýmissa fræðimanna og áhugahópa um þessa sögu. Byggðasöfn landsins spila mikilvægt hlutverk í eflingu og þróun sjálfsmýndar þeirra byggðalaga sem þau starfa í. Þau skapa auk þess mikilvægan vettvang fyrir hverskonar menningarstarf í sínu heimahéraði. Byggðasöfnin hafa starfað á Íslandi um áratugaskeið og eiga systurstofnanir víðs vegar um heiminn í formi staðbundinna safna. Hér er því um auðugt bakland að ræða fyrir slíkt embætti.

Það er vel við hæfi að heiðra Þórð Tómasson fyrir hans góða starf í þágu byggðasafna og íslenskrar menningarsögu. Hann er verðugur fulltrúi fjölda fólks um allt land sem hefur um áratugi unnið óeigingjarnt starf á byggðasöfnum landsins oft við mjög erfiðar aðstæður.

Virðingarfyllt



Sigrún Ásta Jónsdóttir
forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar